

## 2019-2020

### Fundargerð nr. 13

Fimmtudagurinn 6.sep. 2019 kl.11:15

Mættir Magnús A., Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Umræða um moltugerðina og kartöflubeðið. Við stækkuðum beðið í fyrra og fengum núna meiri uppskeru.
2. Rætt var um hvernig skipulag á að vera á fræðslu til yngri nemenda. Ákveðið var að fara tveir og tveir saman inn í bekk með kassa( eins og tunnur) til að sýna nemendum flokkunina.

Fundi slitið 11:30

### Fundargerð nr. 14

Fimmtudagurinn 20. sep. 2019 kl. 11:15

Mættir Magnús A., Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Fórum saman inn í 5.-7. bekk og ræddum um hvað okkur langar að hafa á skólalóðinni.
2. Tillögur um að laga skjólvegg og byggja kofa.
3. Tillaga um að kaupa fleiri leiktæki.

Fundi slitið 11:55

### Fundargerð nr. 15

Fimmtudagurinn 11 .okt. 2019 kl. 11:15

Mættir Magnús A., Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Ræddum um skipulag við að tína rusl og sópa á skólalóðinni.
2. Við ætlum að fjölga dögum sem við notum í þessi verk.

Fundi slitið 11:35

### Fundargerð nr. 16

Fimmtudagurinn 1.nóv. 2019 kl. 11:15

Mættir Magnús A., Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Rætt um kaup á leiktækjum
2. Við erum að bíða eftir að klifurveggurinn verði settur upp
3. Ætlum að óska eftir rennibraut næst

Fundi slitið 11:40

Fundargerð nr. 17

Fimmtudagurinn 8. nóv 2019 kl. 11:15

Mættir Magnús A., Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Rætt um kofasmiði á skólalóðinni
2. Lilja hefur umsjón og stýrir verkinu
3. Ekki allir sammála um framkvæmdina en Lilja ræður

Fundi slitið 11:40

Fundargerð nr. 18

Fimmtudagurinn 15.nóv. 2019 kl. 11:15

Mættir Magnús A, Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Bolette segir frá að skólinn hafi keypt fjóra katla til að nota á eldstæðið. Þá er hægt að skipta nemendum í hópa og allir með litið eldstæði.

Fundi slitið 11:25

Fundargerð nr. 19

Fimmtudagurinn 22.nóv. 2019 kl. 11:15

Mættir Magnús A., Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Það á að vera hiti undir nýju stéttinni sem við fengum í sumar. Það er ekki í lagi og erfitt að halda stéttinni hreinni þegar snjórinn bráðnar ekki.
2. Ákveðið að tala við Kristófer um þetta.

Fundi slitið 11:30

#### Fundargerð nr. 20

Fimmtudagurinn 29.nóv. 2019 kl. 11:15

Mættir Magnús A., Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Rætt um hvernig við ætlum að gera myndir fyrir yngri nemendur.
2. Umræða um hvort nemendur ætli að gera það einir eða fá fleiri með
3. Samkomulag um að ræða það við miðstigið.

Fundi slitið 11:35

#### Fundargerð nr. 21

Fimmtudagurinn 6.des. 2019 kl. 11:15

Mættir Magnús A., Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Rætt um jólaföndur og hvaða efni við gætum endurnýtt við jólaskrauts gerð
2. Margar hugmyndir komu, mála á glerkrukkur, nota gömul almanök og fl.

Fundi slitið 11:45

#### Fundargerð nr. 22

Fimmtudagurinn 13. des. 2019 kl 11:15

Mættir Magnús A., Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Ræddum um að halda fund með miðstiginu til að fá alla með í að gera myndir fyrir yngri bekkina.

Fundi slitið 11:30

#### Fundargerð nr. 23

Fimmtudagurinn 10. jan. 2020 kl. 11:15

Mættir Magnús A, Ólöf M., Vésteinn og Bolette ásamt miðstigi

1. Umræða um flokkun
2. Skilgreint hvað á að fara í hvaða tunnu.
3. Nemendur byrja að teikna myndir

Fundi slitið 11:35

#### Fundargerð nr.24

Fimmtudagurinn 17. Jan 2020 kl. 11:15

Mættir Magnús A., Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Á síðasta fundi var allt miðstigið með þar sem umræða var um myndir sem verið var að gera. Við í nefndinni eru sammála um að hengja myndir í alrýminu, svo allir geti séð.
2. Umræða um að gefa fuglunum
3. Rætt var um að þegar væri frost væri og ekki hægt að hræra í motlutunnunni

Fundi slitið 11.35

Við funduðum ekki frá febrúar til maí, fyrst vegna undirbúnings fyrir árshátíð og síðan vegna samkomubannsins.

#### Fundargerð nr. 25

Föstudagurinn 8. maí 2020 kl. 10:40

Mættir Magnús A., Ólöf M., Vésteinn og Bolette

1. Rætt um skýrsluna sem Bolette skrifaði án aðkomu nemenda vegna samkomubanns
2. Talað um úttektina sem á að vera í næstu viku
3. Fórum yfir skýrsluna sem nemendur höfðu ekki séð, umhverfisnefndin var ekki í sama hópi í skólanum og hittist ekki á meðan samkomubann stóð yfir
4. Rifjaðir upp hlutir sem ekki eru í skýrslunni
5. Ætlum að hittast í næstu viku fyrir úttektina og ræða hvað okkur langar að segja frá

Fundi slitið 11:00